

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Starfsáætlun Jöklaborgar

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

1	Um starfsáætlanir leikskóla	3
2	Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
3	Um innra mat í leikskólum	6
4	Greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári/innra mat/umbótaáætlun.	7
5	Ytra mat	24
6	Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	25
7	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	25
8	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	27
9	Foreldrasamvinna.....	28
10	Samstarf leik- og grunnskóla	29
11	Skipulagsdagar.....	30
12	Fylgigögn.....	31
12.1	Leikskóladagatal	31
12.2	Matsgögn.....	31
12.3	Langtímaáætlun innra mats	33
12.4	Umsögn foreldraráðs.....	34

1 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

2 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Starf leikskólans einkennist ætíð af því starfsfólki sem þar er. Starfsfólk Jöklaborgar á svo sannarlega hrós skilið fyrir ýmislegt s.s. útsjónasemi, sveigjanleika í starfi, kraft, hversu hugmyndaríkt og lausnarmiðað það er. Það er gott að vinna með slíkum starfsmannahóp.

Mikil umræða hefur verið um starfsumhverfi leikskólanna, að bæta þurfi það verulega. Þetta skólaár tókst stjórnendum að lagfæra og bæta starfsumhverfi leikskólans með ýmsu móti. Nefna má að saumaðir voru nýir dúkar á borðin á deildum sem draga verulega úr hávaða, settir voru tennisboltar undir stóla sem draga líka úr hávaða. Þá var leikskólinn málaður að innan og þakið að hluta til í sumarlokuninni. Nýr ofn til eldunar kom í eldhúsið, nýjar gardínur, garðurinn var lagfærður og settir verða opnanlegir loftgluggar á tvo staði á næstunni sem bæta loftgæði verulega.

Starfsmenn og foreldrar hafa átt í erfiðleikum með að fá bílastæði við leikskólann þar sem nágrannar hafa lagt í stæði leikskólans og foreldrar fá oftlega engin stæði bæði að morgni og seinnipart dags þegar verið er að sækja börn. Það er von mín að ný skilti sem komið hefur verið fyrir á ljósastaurum við leikskólann breyti því. Annars má segja að bílastæði fyrir svona stórann leikskóla séu allt of fá

Þrjátíu ára afmæli Jöklaborgar var haldið 15. júní um leið og þjóðhátíð Seljahverfis var haldin. Jöklaborg var opnuð 11. október 1988 en ákveðið var að halda uppá það á meðan elstu börnin væru ennþá hjá okkur og veðrið hugsanlega betra á þessum tíma en að hausti til. Farið var í skrudgöngu með börnum, foreldrum og starfsmönnum leikskóla í Seljahverfi undir lúðrablæstri Skólahljómsveitar Árbæjar- og Breiðholts og síðan fór hver til síns heima. Börnin sungu uppá hólnum í garðinum okkar, leikhópurinn Lotta var með sýningu í boði foreldrafélagsins og boðið var uppá afmælisköku.



Verið er að undirbúa stækkun Jöklaborgar þegar þetta er ritað þar sem áætlað er að setja tvö hús á lóð leikskólans. Biðlistinn hefur verið langur og erfitt fyrir foreldra að þurfa að fara með systkini barna sem eru í leikskólanum í aðra leikskóla. Geta má þess að í haust munu verða 48 börn í elsta árgangi og hefur slíkur fjöldi elstu barna ekki verið áður hjá okkur en það verður ánægjulegt að vinna með þeim. Alls munu verða 103 börn í leikskólanum þetta skólaár.

Síðasta skólaár starfaði Kristín tannlæknir með okkur tímabundið. Hún kom í leikskólann og skoðaði tennur þeirra barna sem foreldrar höfðu gefið leyfi fyrir að skoða. Þetta var m.a. þáttur í heilsueflandi leikskóli.

Gaman er að segja frá því að við fengum tvo sumarstarfsmenn á vegum Vinnuskólans. Til okkar komu tveir starfsmenn sem voru hér og þá lítil börn, þetta voru þau Álfheiður og Davíð. Auk þess kom til

okkar starfsmaður í sumar, hún Edda sem var á vegur Skóla- og frístundasviðs og verður hjá okkur fram í miðjan ágúst.

Eitt mikilvægt metnaðarmál okkar í Jöklaborg er að fjölga leikskólakennurum hér. Hvernig og til hvaða ráða við getum gripið til að hér verði stærri hópur með leikskólakennaramenntun er okkur hugleikið og oftlega er þetta málefni í umræðunni okkar á milli. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu og hér er lagður hornsteinn að menntun barnanna og unnið með grunnþætti menntunar. Í dag eru sex leikskólakennarar að starfa í Jöklaborg og þurfa að vera miklu fleiri.

Það er ánægjulegt að einn deildarstjóri í Jöklaborg mun hefja nám í leikskólafræðum í HÍ með vinnu í haust. Einn deildarstjóri fór á fagnámskeið 1 þetta skólaár og vonandi getur hann farið á fagnámskeið 2 næsta skólaári.

Allt starfsfólk í Jöklaborg fór á ráðstefnu 8. febr. sem haldin er árlega fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar. Hún var á vegum skóla- og frístundasviðs í tengslum við dag leikskólans. Yfirskrift ráðstefnunnar var: „Við fáum að ráða nema þegar kennararnir fá að ráða“ og fjallað var um Lýðræði, sjálfsefningu og þátttöku barna í leikskólastarfi. Ráðstefnan var frábær og fyrirlesarar hverjum öðrum betri og mikill fróðleikur fyrir starfsfólk leikskólanna.




Á myndina vantar Unni Ýr, Ástu Kristínu og Jóhannes Atla

3 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og Skóla- og frístundasviðs. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og unnið skipulega út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



4 Greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári/innra mat/umbótaáætlun.

Greinargerð deildastjóra á Heimalundi og Heimahlíð um starfið á síðasta skólaári

Heimahlíð og Heimalundur eru deildar sem leggja áherslu á að vinna eftir starfsáætlun og leiðarljósi leikskólans: „Gleði – Virðingu – Sköpun“. Mikil samvinna er meðal deildanna þar sem stofur deildanna liggja saman og eru samnýttar. Alls voru 22 börn á báðum deildum. Árgangar 2013, 2014, 2015 voru á deildunum þetta skólaárið. Breytingar urðu í starfsmannahópnum á báðum deildum. Tveir nýir starfsmenn komu til starfa, einn í sérkennslu og einn leiðbeinandi. Björk tók við deildastjórn á Heimahlíð frá 1. október 2017 og Agnes á Heimalundi frá 1. janúar 2018. Allir starfsmenn á deildunum hafa unnið af mikilli jákvæðni og gleði.

Heimalundur

Í september hófst leikskólaárið 2017 – 2018, aðlögun nýrra barna hófst í ágúst, sem gekk vel. Það voru 3 börn sem byrjuðu í aðlögun og alls 8 börn héldu áfram á deildinni sem höfðu verið síðasta vetur á Heimahlíð. Þá voru tveir árgangar 2013 og 2014. Átta börn í árgangi 2013, sjö drengir og ein stúlka. Þrjú börn í árgangi 2014, tvær stúlkur og einn drengur.

Heimahlíð

Aðlögun hófst í ágúst leikskólaárið 2017-2018 og gekk hún mjög vel. Það var ein stúlka fædd 2014 og fjórir drengir, tveir fæddir 2014 og tveir 2015. Á Heimahlíð eru 11 börn 5 stúlkur og 6 drengir, 7 börn fædd 2014 og 4 börn fædd 2015.

Vikuskipulag: Leikskólinn er opin frá 7:30 og starfsmaður tekur á móti börnum frá Heimahlíð, Heimalundi og Heimahöll. Það er frjáls leikur til 8:00. Svo fara börn Heimahallar á sína deild. Þá byrja morgunmatur og er til 9:00. Börnin fá hafragraut fjórum sinnum í viku og á miðvikudögum morgunkorn. Börn geta valið hvort þau borða eða ekki.

Á mánudögum eru fundir fyrir hádegi. Allar deildir fá deildafundi annan hvern mánudag og eftir það er stjórnendafundur.

Frjáls leikur: Er fjölbreyttur leikur sem börnin stjórna sjálf og velja hvað þau gera. Þau eru m.a. að efla samskipti sín á milli, félagsfærni og málþroska. Leikurinn fer fram úti og inni, fyrir og/eða eftir hádegi. Börn velja sjálf svæði og leikföng á Heimahlíð, Heimalundi eða Rjóðri til að fara í ímyndunarleik.

Val: Val er einu sinni í viku á miðvikudögum frá 10:00 til 11:30. Öll börn frá Heimalundi og hluti barna á Heimahlíð fara í val en eftir áramót fóru allir á Heimahlíð, semsagt öll þriggja ára börn fara í val milli deilda. Börnin velja sjálfir svæði sem þau vilja fara á. Valið hjálpar börnunum að kynnst húsnæði leikskólans, kynnst börnunum og öðru starfsfólki. Val er undirbúningaskref í aðlögun. Börnin eru mjög spennt fyrir valinu.

Flæði: Okkar hugsun er að efla grunnþætti menturnar barnanna í flæði. Börn frá Heimalundi, Heimahlíð og Heimahöll eru í flæði einu sinni í viku, á þriðjudögum frá 10:00 til 11:30. Það er opið milli þessara deilda og börn velja sjálf leiksvæði og leikefni. Starfsmenn undirbúa leiksvæði í fataherbergi líka. Börnunum finnst gaman að leika þar með bíla á bílateppi. Átta börn frá Heimalund sem eru fædd 2013 fara í flæði á föstudögum milli 10:00 til 11:30 til að hitta börnin á Heimakoti, Heimabóli og Heimaseli. Starfsmaður frá Heimalundi fer með þeim og skipuleggur verkefni í listasmiðju. Þetta gekk vel, börnin eru dugleg nota öll flæðissvæði og skemmta sér í leik með eldri vinum sínum. Það er góð tilbreyting fyrir börnin í starfinu okkar.

Vinastund: Á þriðjudögum eftir 9:10 er Vinastund í salnum. Allir hittast saman þar til að hafa gaman, syngja og læra nýja texta. Börn frá Heimalundi og Heimahlíð voru saman að velja lög og syngja saman fyrir öll börnin í salnum. Þetta er skemmtilegur tími fyrir börn og starfsfólk.

Hreyfistund: Börnin fara í sal í hreyfistund einu sinni í viku, á föstudögum. Það er ekki skipulagður hreyfitími nema börnin eru með fjölbreyttan efnivið, til dæmis: dans, boltaleik, búninga, brautir og fleira. Í hreyfistundum öðlast börnin m.a. skilning á styrk sínum, samhæfingu hreyfinga og jafnvægi ásamt því að læra inná samskipti sín á milli.

Rjóður: Er notaður mikið fyrir hreyfileiki, t. d. fyrir boltaleik, til að hoppa á púðunum og dansa.

Tvisvar sinum á leikskólaári er íþróttadagur. Börn fara í braut sem íþróttakennari býr til.

Úti: Börnin taka þátt í útihreyfingu í allskonar leik s.s. klifra, renna, róla, hjóla, hlaupa. Útivera er einu sinni á dag nema þegar veður leyfir förum við út tvisvar sinnum.

Vetfangsferðir voru tvær, í Húsdýragarðinn með strætó og Grasagarðinn með rútu.

Það er líka sveitaferð á sumrin sem foreldrafélagið undirbýr.

Allar hreyfingar eru mikilvægar og finnst börnunum gaman í þeim.

Samvera: Fyrir hádegismat erum við með samveru inni í Heimalundi og erum við þá með allan hópinn þar. Í þeirri samveru erum við með söngstund en fyrir kaffitímann er börnunum skipt í tvo hópa og er þá lesin saga.

Hvöld: Þau börn sem sofa koma með teppi og kotta að heiman og hvíla sig inn í Rjóðri.

Matartími: Hann er frá 11:45 til 12:30. Matseðill er á heimasíðu svo hægt er að fylgjast með hvað er í matinn dag fyrir dag.

Síðdegishressing er frá 15:00 til 15:30 og er þá heimabakað brauð eða hrökkbrauð og allskonar álegg með.

Mat barna: Við lögðum 14 spurningar fyrir börnin í apríl og voru svörin skemmtileg og mjög mismunandi og var þetta skráð niður og sett í ferilmöppur barnanna.

Demantsaðferð: Börnin mátu ákveðin svæði inni á Heimahlíð, Heimalundi, Vinastund og valið. Börnunum var skipt í fjóra hópa til að vinna þetta verkefni.

Hópastarf: Hópastarf á Heimalundi er á fimmtudögum frá 10:00 til 11:30. Hópastarf á Heimahlíð er á föstudögum frá 10:00 til 11:30. Á þessum tíma vinna börnin ýmis verkefni sem eru tengd aldri og getu þeirra. Í upphafi stundar sitja börn og starfsmenn saman og byrja að syngja. Svo lesum við mætingarlista og við spyrjum hver barn um afmælisdag þeirra, fjölskyldu og annað. Börnin læra að tjá sig fyrir framan hóp og byggir það sjálfstraust. Eftir það byrja börnin að vinna verkefni. Leikskólaárið byrjar með þemað „Ég sjálf/ur og fjölskylda mín“

Ævintýraverkefni: Í ár völdum við ævintýrið Ástarsaga úr fjöllum. Við lásum söguna fyrir börnin og út frá sögunni skoðuðum við fleiri myndir af tröllum, bjuggum til fjall og tröll.

Mat barna á Heimahlíð og Heimalundi með Demantsaðferð. Börnunum var skipt í fjóra hópa, tvo á Heimahlíð og tvo á Heimalundi. Börnin fengu ákveðnar myndir sem teknar voru af svæðum deildarinnar. Börnin völdu svæði á deildinni sem þeim fannst skemmtilegast að leika á og síðan það sem þeim fannst minna skemmtilegt, því var síðan raðað upp á karton. Skemmtilegast er efst á kartoninu og það sem er minna skemmtilegt er neðar.



Umbótaáætlun Heimahlíðar og Heimalunds 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Heimahlíð og Heima- lundur						
Samveru- stundir	Að efla málþroska, skilning, virka hlustun barnanna sem og félagsþroska.	Að allir starfsmenn séu undirbúnir fyrir hverja samveru, að starfsmenn séu virkir þáttakenndur með börnunum.	Hefst að hausti og endar við sumar- lokun	Við höfum einn stjórnanda í samverustund sem skiptist með viku millibili, þannig að allir starfsmenn taka þátt. Deildastjórar bera ábyrgð á að allir sinni samverustund. Einn stjórnandi er fyrir hádegi en eftir hádegi er samverustund skipt í tvo hópa og þá eru tveir í sitthvorri stofunni.	Endurmetum sumarið 2019. Gerum könnun meðal starfsmanna á deildinni.	Það er mikil munur á hausti og vori. Við sjáum mikinn mun á bæði hlustun, virkni og skilning barnanna, aukinn orðaforði og málskilningur. Við viljum halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Val						
	Í valinu viljum við sjá að yngri börn verði með í því til að sjá hvar börnin eru stödd í stað þess að miða við aldur þeirra.	Með því að allir stafsmenn séu með góða þekkingu á valinu og hvernig við vinnum það með börnunum	Hefst að hausti og endar að vori.	Aðstoðarleikskóla stjóri sér um að undirbúa hversu mörg börn komast inn á hverja deild hverju sinni. Stafsmenn bera ábyrgð á að valið fari fram eins og það er sett upp.	Endurmetum sumarið 2019. Gerum könnun meðal starfsmanna á deildinni.	Við viljum sjá mun á hversu börnin verða örugg í umhverfi sínu og samskipum við starfsfólk. Aðlögun verður auðveldari.

Greinagerð deildastjóra á Heimahöll um starfið á síðasta skólaári

Á deildinni voru 16 börn í vetur, 12 drengir og 4 stúlkur. Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel. Þau voru fljót að finna sig á deildinni og mynduðu fljótt vinasambönd. Börnin sem fyrir voru á deildinni tóku nýju börnunum líka vel.

Hefðbundið vetrarstarf hófst um miðjan september. Vikuskipulag var með hefðbundnum hætti, Val, Flæði og Vinastund voru á sínum stað. Hópavinna var á fimmtudögum og einnig voru verkefni unnin eftir hendinni þegar tími gafst. Tekin voru fyrir þemu vetrarins, haustið, ég sjálf/ur og umhverfi mitt,

jól, öskudagur, páskar og ævintýri. Sagan um Búkollu var valin eftir að börnin höfðu fengið fimm ævintýri til að velja úr þar sem Búkolla var hlutskörpust. Börnin útbjuggu hvert sína Búkollu, þau gerðu í sameiningu skessur, nautið og umhverfi fyrir söguna. Þessi vinna var unnin jafnt og þétt fram á vor. Fyrir jólin fórum við með börnin í rútu í Kaffi Flóru. Sú ferð heppnaðist vel og rútuferðin var sérstaklega eftirminnileg. Annars var ekki mikið um skipulagðar vettvangsferðir.

Kraftmikill barnahópurinn tók svo vorinu og meiri útiveru fagnandi. Með haustinu munu 9 börn flytjast yfir á eldri deildar og ný börn koma í þeirra stað. Teljum við að margt hafi gengið vel í vetur. Börnin hafi



eignast góða vini í hvort öðru sem gefur þeim gott bakland í áframhaldandi leikskólagöngu.

Myndin fyrir ofan er af mati barna á Heimahöll með Demantsaðferð. Börnin á Heimahöll fengu ákveðnar myndir sem teknar voru af svæðum deildarinnar. Börnin völdu svæði á deildinni sem þeim fannst skemmtilegast að leika á og síðan það sem þeim fannst minna skemmtilegt, því var síðan raðað upp á karton. Skemmtilegast er efst á kartoninu og það sem er minna skemmtilegt er neðar.

Umbótaáætlun Heimahallar 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Heimahöll	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að fá betra yfirlit yfir ýmsa þroskaþætti barnanna	Að geta séð hvaða framfarir hafi orðið í fyrirfram ákveðnum þáttum	Vinna verkefni sem örva ákveðna þætti í litlum hópum	Hefst að hausti. Lýkur að vori	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildar	Velja ákveðna þætti og prófa að hausti og aftur að vori	Taka saman niðurstöður að vori um hvernig til tókst
Endurvinnslu	Að standa betur að flokkun og endurvinnslu	Kynna betur flokkun og vanda til verka.	Frá hausti fram á vor	Endurvinnsluteymi Starfsfólk í húsinu	Að vori. Taka stöðuna að hausti og aftur að vori.	Að flokkun á mat, pappír og plasti verði óaðfinnanleg

Greinagerð deildastjóra á Heimakoti um starfið á síðasta skólaári

Aðlögun gekk mjög vel. Öll börnin nema tvö höfðu verið áður í leikskólanum og tóku flutningunum vel. Þau voru fljót að finna sig á deildinni og mynduðu fljótt vinasambönd. Aðlögun barna sem voru ekki áður á leikskólanum gekk mjög vel. Börnin sem fyrr voru á deildinni tóku nýju börnunum líka vel. Byrjuðum leikskólaárið á þemanu “Ég sjálf/ur og fjölskylda mín”. Við gerðum verkefni tengd þessari umræðu (sjálfsmynd).

Gleði – Virðing – Sköpun var áhersla í öllu sem við gerðum.

Við gerðum ýmisleg haust verkefni inn á deildinni og í september fórum við í skemmtilega heimsókn í húsdýragarðinn. Í byrjun nóvember fórum við í heimsókn í Þjóðleikhúsið (Brúðukistan) og í lok nóvember byrjuðum við síðan með jólaþemu. Við bökuðum piparkökur og gerkarla og föndruðum allskonar jólaföndur. Við æfðum fyrir aðventustund og svo buðu börnin fjölskyldu sinni á sýninguna. Eftir sýninguna buðu þau upp á piparkökur, heitt súkkulaði og randalínu.

Desember endaði með jólasögum, jólalögum og jólaföndri. Auðvitað gerðu krakkarnir líka jólagjafir fyrir foreldra.

Í janúar og febrúar undirbjuggum við okkur fyrir foreldraviðtöl og gengu þau mjög vel. Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir hvert einasta barn.

Barnafundir voru á þriðjudögum og tölum við þá um reglur og það sem betur má fara og það sem er skemmtilegt í leikskólanum.

Í hópavinnu unnum við með Lubba verkefnið. Í samverustundinni lásum við mikið, bjuggum til sögur og sungum. Við matarborðið fórum við oft í "dýraleik", ríma og setja saman og taka í sundur orð.

Sköpun inni á deild er frjál. Krakkar fara oft í leiki, púsli, teikna, klippa, perla og vefa. Mánaðarlega tókum við ljósmyndir og gekk það mjög vel. Leikjastund elstu barna var einu sinni í viku og gekk það vel. Val var einu sinni í viku og gekk vel. Fyrir öskudaginn útbjuggu börnin hvert sinn eigin búning úr ýmsum efnisafgöngum. Elstu börnin gerðu ljóð. Krakkarnir mátu svæði inn á deild og þannig segja sína skoðun á því hvaða svæði væri skemmtilegast (demantsaðferð). Í mars tókum við þemað "þjóðsögur og ævintýri". Þá lásum við allskonar ævintýri og krakkarnir völdu að gera verkefni um Geiturnar þrjár.

Hér má sjá mat barna á Heimakoti með Demantsaðferð. Börnunum var skipt í þrjá hópa. Börnin fengu ákveðnar myndir sem teknar voru af svæðum deildarinnar. Börnin völdu svæði á deildinni sem þeim fannst skemmtilegast að leika á og síðan það sem þeim fannst minna skemmtilegt, því var síðan raðað upp á karton. Skemmtilegast er efst á kartoninu og það sem er minna skemmtilegt er neðar.



Umbótaþættir Heimakots 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Heimakot	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Háaloft	Nýta háaloft betur og bæta jákvæðni gagnvart þeim verkefnum sem virka krefjandi fyrir börnin.	Taka litla hópa í verkefna- vinnu til að efla málþroska, skilning, virka hlustun og einbeitingu.	Byrjar að hausti og er lokið að vori.	Starfsfólk og deildastjóri Heimakots.	Endurmat fer fram eftir áramót og aftur að vori. Könnun meðal starfsmanna og Hljóm að vori.	Við munum styðjast við kenningu Mihaly Csikszentmihalyi um flæði sem grundvallast á þeirri hugmynd að það veiti barni hamingju þegar það nær að einbeita sér við verkefni og ferlið er svo gefandi að barnið vill upplifa það aftur. (Námskrá Jöklaborgar)
Hreyfi- stundir	Efla þol barnanna	Nota svæðin sem eru kringum leikskólann betur.	Byrjar að hausti og endar að vori.	Starfsfólk og deildastjóri Heimakots	Farið verður í langan göngutúr að vori.	Við munum styðjast við kaflann um heilbrigði og velferð sem kemur fram í námskrá Jöklaborgar.

Greinagerð deildastjóra á Heimaseli um starfið á síðasta skólaári

Byrjuðum skólaárið á þemanu, „Ég sjálfur og fjölskylda mín“. Þá ræddum við um líkamann okkar og tilfinningar, hvað margir eru í fjölskyldunni, þeir sem eiga gæludýr töldu þau auðvita með. Börnin teiknuðu sjálfsmynd í upphafi skólaárs, svo aftur sjálfsmynd í lok skólaárs núna í vor. Þau veltu fyrir sér muninum á teikningunum og það var skemmtileg umræða um það.

Þessi vinna og umræða þróaðist yfir í þemað, Ég sjálfur og umhverfið mitt, þá ræddum við mikið um okkur og jörðina, gróðurinn og fólkið í kringum okkur. Þar fléttuðust árstíðaskiptin, gróðurvernd, umgengni um umhverfið okkar og vináttan inní umræðuna, svo fátt eitt sé nefnt. Verkefni s.s. teikningar, sölnandi gróður týndur og unnið með hann t.d. litun á garni o.fl. Elstu börnin vefa eina mottu úr þessu sér litaða garni, yngri börnin vefa minni vef og nota allskonar annað garn. Við notum

garnið mikið, fyrir utan að vefa eru þau að búa sér til dúska, puttaprjóna og sauma o.m.fl.

Við byrjuðum jólapemað í lok nóvember með piparkökum og gerkarlabakstri. Æfðum fyrir aðventu-stundir og svo buðu börnin fjölskyldum sínum á sýninguna. Á eftir buðu þau uppá heitt súkkulaði, piparkökur og randalínur. Eftir þessa hátíð tók við rólegur desember með jólasögum, jólalögum og jólaföndri. Öll börnin fóru líka í Húsdýragarðinn í desember og fengu fræðslu um dýrin sem þar eru. Foreldraviðtöl voru í janúar.





Búningagerð fyrir öskudaginn tók nokkrar vikur. Elstu börnin fengu boð í Þjóleikhúsið og Borgarleikhúsið í vetur, þau eru búin að fara í 3 heimsóknir með leikskólanum í Seljaskóla og þau voru á námskeiði á vegum ÍR á föstudögum í íþróttahúsi í Seljaskóla.

Sumarvinnan verður með hefðbundnum hætti, en með hlýnandi veðri ætlum við að fara í vettvangsferðir, s.s. Seljatjörn, upp í móann, aðra leikvelli o.fl. Í þessar ferðir tökum með okkur litlar krukkur, stækkunargler, sjónauka, bækur um gróður- og dýralíf og stundum nesti.





Mat barna á Heimaseli með Demantsaðferð. Börnin fengu ákveðnar myndir sem teknar voru af svæðum deildarinnar. Börnin völdu svæði á deildinni sem þeim fannst skemmtilegast að leika á og síðan það sem þeim fannst minna skemmtilegt, því var síðan raðað upp á karton. Skemmtilegast er efst á kartoninu og það sem er minna skemmtilegt er neðar.

Umbótaþættir Heimasels 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Heimasel.	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf, viljum að það sé mark - vissara,	Efla öryggi starfsmanna í verkefna – vinnu með börnunum	Elstu börn verða í 2 hópum, 9 börn í hvorum. Yngri börnin 5 í hóp.	Miðjan sept. - miðjan maí. Hver hópur á tíma 1x í viku í 1-2 tíma í senn.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn á deildinni.	Deildafundur 2 á hverri önn þar sem við fylgjumst með framvindu verkefna. Spurningar lagðar fyrir börnin að vori.	Að börnin læri sjálfstæð vinnubrögð, óhrædd við að prófa og kynnast sem flestum efnivið.

Greinagerð deildastjóra á Heimabóli um starfið á síðasta skólaári

Veturinn 2017-2018 voru 24 börn á Heimabóli, 7 drengir og 9 stúlkur fædd 2012 og 8 stúlkur fæddar 2013. Hópurinn hristist vel saman, miklir vinir og hjálpsöm við hvert annað. Aðlögun yngri barna gekk vel þar sem flest komu af yngri deildum leikskólans og þekktu umhverfið vel. Vetrarstarf hófst um miðjan september með hefðbundnum hætti þ.e. val, flæði, vinastund og hópavinna. Hópavinna elstu barna var á fimmtudögum, einn hópur f.h. og einn hópur e.h. Yngri barnahópurinn var á föstudögum. Börnunum var ekki raðað í ákveðna hópa yfir veturinn, heldur var þeim gefið val hvort þau vildu vinna f.h. eða e.h. Þetta gafst mjög vel, börnin lærðu að vinna með mismunandi einstaklingum æfðu sig í tillitssemi, hjálpsemi og umburðarlyndi gagnvart hvert öðru og síðast en ekki síst efldu þau sjálfið, að verða félagslega sterk:)

Börnin gátu valið á milli þriggja verkefna og gátu einnig unnið að þeim þess á milli alla daga vikunnar. Þarna efla börnin og tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og að skipuleggja sig.

Þema vetrarins var þjóðsögur, ævintýri og ég sjálfur og umhverfi mitt. Ævintýri voru lesin og rædd, sum barnanna þurfti að ræða meira en önnur og voru þær túlkaðar í máli og myndum. Ég sjálfur og umhverfi mitt mikið á dagsskránni inn á Heimabóli, umræður og ferðir í Sorpu þar sem fræðst var um flokkun úrgangs. Mikið var um vettvangsferðir, annarsvegar skipulagðar og einnig þegar vel viðraði var potið af stað með nesti og nýja skó og allir nutu sín ☺ Húsdýragarður, Hvalasafnið, brúðuleikhús elstu barna og heimsókn í Hörpu að njóta Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem saga var sögð með hjálp hljóðfæra. Svo var að sjálfsögðu nærumhverfi okkar skoðað.



Lagðar voru spurningar fyrir barnahópinn (demantsaðferð) og þeim sýndar myndir af leiksvæðum innan leikskólans og utan, hvað þeim fannst skemmtilegast og hvað ekki og þá af hverju. Þarna höfðu börnin eitthvað að segja um umhverfi sitt og svo sannarlega hefur þetta skilað árangri. Breytingar hafa verið gerðar á leiksvæðum með tilliti til skoðana barnanna.

Góðum vetri lokið á Heimabóli með skemmtilegum, kraftmiklum börnum sem vonandi eru og verða full sjálfstæðis, sjálfsöryggis og náungakærleik.

Mat barna á Heimabóli með Demantsaðferð.

		Hafa að hluta til skipulagða leiki sem starfsmenn stjórna .				barna í leik með því að leyfa ímyndunarafli að þróast. (Námsskrá Jöklaborgar)
Fata-herbergi betur notað sem kennslu og uppeldis-legur þáttur.	Efla félagslegan þroska barna, sjálfshjálp, samskipti þeirra, samkennd og hjálpsemi sem og umburðarlyndi. Orðaforði og málskilningur eflur	Fá börn í einu fram að klæða sig þá með starfsmanni og gefa þeim tíma og tækifæri að reyna og í spjall við hvert annað.	Að hausti, lýkur að vori.	Starfsmenn Heimabóls og deildarstjóri ber ábyrgð á eftirfylgni	Á deildarfundum, námsskrá Jöklaborgar. skráning að hausti og aftur að vori.	Mikilvægi góðra samskipta milli barnanna sjálfra og barna og starfsmanna , sem grundvallast á hugmyndum Beritar Bae. (námsskrá Jökla-borgar)

Mat starfsmanna á Skipulagsdögum:

Tveir skipulagsdagar voru notaðir í að vinna innra mat deilda. Efni sem metið var er eftirfarandi:

Víkuskipulag í heild: Hreyfistundir, Flæði og Samverustundir.

Fagleg ígrundun, og leitast var við að greina eftirfarandi þætti:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?
- Að hverju stefnum við?

Mat starfsmanna einnar deildarinnar er eftirfarandi.

Hreyfistundir:

Hvernig stöndum við okkur?

Elstu börnin fara í hreyfingu í Seljaskóla á vegum ÍR, farið er í vettvangsferðir, Leikjastund er í sal með elstu börnunum og deildin hefur salinn til umræða á fimmtudögum.

Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri? Setja skipulagðar og markvissar hreyfistundir inn í vikuskipulagið, nota salinn þann dag sem deildin á hann og skipta börnunum eftir aldri og getu.

Að hverju stefnum við?

- Að börnin hafi góða hreyfifærni, góða samhæfingu handa og fóta.
- Að börnin fái útrás fyrir hreyfingu sem reynir á styrk þeirra og snerpu.
- Að sjálfsmynd barnanna verði sterk og þau hafi góða líkamsvitund.
- Að börnin verði félagslega sterk, að þau geti verið saman í hóp, tekið tillit til og borið virðingu fyrir hvert öðru, einnig að þau öðlist umburðarlyndi og samkennd gagnvart náunganum.

Flæði:

Hvernig stöndum við okkur?

- Börnin geti flakkað á milli deilda, leikið og hitt vini.
- Ánægja starfsmanna og börnin ánægð og þeim er treyst til að fara á milli deilda.
- Eflir félagsþroska barnanna, frumkvæði, treystir vinabönd þeirra og svo kynnast þau öllu starfsfólki líka.

Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

- Mat starfsmanna að þetta gangi vel, og þeir vilja hafa þetta óbreytt.

Að hverju stefnum við?

- Að börnin verði félagslega sterk, að þau hafi frumkvæði, að sjálfsöryggi/sjálfsmynd verði sterk, einnig að þau hafi samkennd og umburðalyndi gagnvart öðrum.
- Og svo gleðina auðvitað. Gleði – Virðing – Sköpun.

Samverustund:

Hvernig stöndum við okkur?

Samverustundirnar gengu vel og eru fjölbreyttar.

- Skoðaðir voru stafirnir og tölustafir, leikur tengdur því.
- Farið var í ýmsa orðaleiki
- Rím og setja saman orð og taka í sundur
- Sungið
- Hreyfileikir margskonar
- Líkamsheiti
- Lestur bóka og sögugerð
- Undirbúningur undir læsi

Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Erum ánægð með samverustundirnar og vinnum að mörgum þroskapáttum eins og:

- Félagsfærni, að vera saman í hóp, bíða og taka tillit til vina sinna
- Eflum málskilning og orðaforða
- Lýðræðisleg vinnubrögð, lýðræðisleg kosning, hvað viljum við gera í samverustund, meiri hluti ræður
- Eflum frumkvæði og sjálfstraust barnanna
- Eflum samkennd og umburðarlyndi
- Viljum halda áfram á sömu braut

Að hverju stefnum við?

Markmið okkar með öllu þessum þáttum er að skila glöðum, ánægðum, sjálfsöruggum börnum og börnum sem bera umhyggju fyrir öðrum og virði margbreytileikann í samfélaginu.

Fagleg ígrundun, umræða og mat á námi, velferð, styrkleika og hæfni barnanna

- Félagsfærni, líðan barna og samskipti
- Frumkvæði og sköpunarkraftur barnanna
- Áhugasvið barnanna
- Að hverju stefnum við, viðmið?
- Umbætur

Félagsfærni, líðan barna og samskipti: Mat starfsfólks einnar deildarinnar var að börnin á deildinni hafi flest ágætan félagsþroska og geti leikið sér í góðum leik. Þau eru á þeim aldri að þau eru að þróa með sér samleik og sér starfsfólk talsverðan mun á því frá því í haust. Það tekur líka mislangan tíma fyrir börnin að kynnast og öðlast öryggi í hópnum. Það er áberandi að börnin geta leikið sér með hverjum sem er úr hópnum, en eiga ekki einn ákveðinn leikfélaga. Það getur verið kostur því að það getur verið erfitt ef besti vinurinn er í fríi eða veikur. Þeim virðist yfirleitt líða vel og eru til í að taka þátt í öllu sem er að gerast. Börnin hafa hvert og eitt sýnt framfarir í öllum þroskaþáttum þótt þau séu misvel sett eins og gera má ráð fyrir.

Frumkvæði og sköpunarkraftur barnanna: Flest börnin sýna mikið frumkvæði, eru fljót að velja sér viðfangsefni og eru óhrædd að segja hvað þau vilja. Þau eru forvitin og hugrökk og vilja ekki missa af ef þau sjá að eitthvað spennandi er að fara að gerast. Börnunum finnst flestum gaman í öllu skapandi starfi og eru áhugasöm um allt sem því tengist.

Áhugasvið barnanna: Börnin eru almennt áhugasöm um allt sem er að gerast í leikskólanum, en segja má að það sem er allra mest spennandi er að fara í salinn. Margir eru með það á hreinu hvaða daga deildin á salinn og sækja að fara þangað. Sjá má greinilegar breytingar á leik barnanna frá hausti fram á vor. Í haust voru bílar, dúkkur og ýmiskonar kubbar vinsælast, en að vori/sumri sóttu börnin meira í ýmiskonar fínhyfingarverkefni s.s. að perla og teikna. Útvera hefur líka verið vinsæl í vetur og margir bíða óþreyjufullir eftir að komast út. Reynt var í vetur að gefa börnunum val um að fara út fyrir eða eftir hádegi og oft er það þannig að flestir fara út og margir tvisvar á dag ef það er hægt. Úti eru hjólin vinsælust, en börnin virðast yfirleitt njóta útiverunnar í hinum ýmsum leikjum sem garðurinn býður upp á.

Að hverju stefnum við, viðmið? Gaman væri að gera nokkuð nákvæma skráningu á almennum þroska barnsins strax að hausti og svo aftur að vori til að meta framfarir á nákvæmari hátt. Einnig að skrá inngrip sem hafa verið notuð.

Umbætur: Að gera nákvæmari skráningar um hvert barn. Að ákveða að hausti hvaða þroskaþættir við viljum meta.

Í mars og apríl voru lagðar 14 spurningar fyrir börn á öllum deildum og voru svör barnanna skemmtileg og mjög mismunandi.

1. Hvað er best að borða í leikskólanum? Svör barna: kjúkling, spaghetti, brauð, slátur, grjónagrautur, pasta, fisk, fisk í raspi,
2. Hvað er vont að borða í leikskólanum? Svör barna: Það er alltaf góður matur í leikskólanum, sveppir, kjöt, laukur, soðinn fiskur, bollur, slátur er vont fyrir munninn, ekki neitt vont, mjólk, nei mjólk er góð – ekkert,

3. Hvaða reglur eru bestar? Svör barna: Að leika, má ekki hlaupa inni bara úti og í salnum, allar eru finar, ekki meiða, að leika sér, að hlaupa ekki inni, að skiptast á hjólum, að það megi ekki rífa af, ekki standa á borðinu, að meiða ekki og ekki skilja útundan, að leika okkur, um (yppir öxlum) svona þýðir ég veit það ekki.
4. Hvaða reglur eru erfiðastar? Svör barna: Óþekkir, að reyna ekki að meiða, reglur sem banna okkur að hlaupa inná gangi, reglur sem segja okkur að það væri gott að klára verkefni, að sitja kyrr, að mega ekki drasla öllu og að taka til, engar reglur eru erfiðar, að verða stærri, mér finnst erfiðast að segja E, ég kann bara að segja Ð, ekkert,
5. Á hvaða stað er best að leika í leikskólanum? Svör barna: Í rennibrautinni, með dýrunum og með bílana, með dýrin, í Listasmiðju, í Litlakoti, úti og inni á Heimakoti, á gólfinu undir stiganum, uppi á lofti, inni á Heimakoti með bíla, í rennibrautinni úti, með dótið, úti að borða úti, í salnum, kubba, leika með vinkonunum, með búningana.
6. Á hvaða stað er leiðinlegast að leika í leikskólanum? Svör barna: Í rennibraut, Ég held ekki gaman að fara í búð, með segulkubbum, í sandkassanum, ekkert, að er enginn staður leiðinlegur, niðri í litla herberginu þar sem er hávaði, ekki er til svona staður, uppi og Litlakoti það er lítið pláss, Heimahlíð, leika með stól, ekkert leiðinlegt a leika, uuu að leika með bíl.
7. Hverju mátt þú ráða í leikskólanum? Svör barna: Má ekki, má ég ráða til að fara út, engum, ég má ráða með hverjum ég leik með, veit ekki, þegar ég fæ að vera leikskólakennari í síðdegishressingunni, hvað ég borða mikið, vera inni eða úti stundum, hvar og með hverjum ég leik mér, má ráða hvenær ég hætti að vefa, mamma mín segir má ekki ráðast í leikskólanum - á krakkana, að lita, ekkert, ég má bara ráða allt sjálfur, lita,
8. Hverju mátt þú ekki ráða í leikskólanum? Svör barna: Ég má ekki ráða af því ég er ekki fullorðinn maður, krökkum, að velja borð, að stjórna leikjum sem einhver annar leikur sér í, að fá sér mikinn sykurl í grjónaugrúttinn, maður má ekki alltaf vera kennari, að sitja í kennarastól, að fara strax inn, engu, að stjórna öllum leikjum, veit það ekki, ég má ekki ráða þeim bara mér sjálfur, epli – tvö epli.
9. Hvað lærir þú í leikskólanum? Svör barna: Að leika, ég læri alltaf að passa á bílnum, ég læri lita með kennaranum, lita, perla, púsla, líma, vefa lesa og gera alls konar verkefni, ég læri stafi og að klifra, hjóla, gera gogg, allt, að vera hugrakkur og stafina, dálítið erfitt að hugsa, skrifa, lesa og lita, syngja og sýna leikrit, stafina, leira og lita, uuu ég var að læra um hundinn (ný byrjuð að lesa um Lubba), að lesa, ekkert, ég læri ekki umferðarþyglurnar bara umferðarreglurnar, leika, veit ekki.
10. Hvað gerir fullorðna fólkið í leikskólanum? Svör barna: veit ekki, talar alltaf við kennarar, lesa bók, kenna mér, hjálpa okkur, hjálpa börnunum, að skera ávexti, stjórna, kenna börnunum, veit ekki, þjálfar, kenna og ráða, fara í kaffi, hjálpa að perla ef það er erfitt, borða, ert þú fólk? – já þú ert fólk – þau gefa krökkunum mat, þeir skamma þeir sem maður meiðir, lita, að gera eitthvað, skamma.
11. Hvað á fullorðna fólkið að gera í leikskólanum? Svör barna: Sitja, fullorðna fólkið má sækja börn, leika sér, kenna, hjálpa krökkunum, halda áfram að hjálpa krökkunum, kenna börnunum, veit ekki, allir þurfa að ganga frá uppi og hjálpa öllum, hjálpa börnunum að borða, bjóða mömmu og pabba að koma í leikskólann, gefa manni brauð, hjálpa mér, að gefa krökkunum mat, að standa.
12. Hvað mátt þú gera í leikskólanum? Svör barna: Leika, ég má leika mér í leikskólanum, læra, leika, gera verkefni og fara út, fara í bíla og kubba, sækja kubba, vefa, lita, læra, föndra, leika úti, hjóla, leika með vini mínum og vinkonum, hlusta á tónlist, leika, perla, púsla, læra stafi,

leika mjög mikið, velja hvað ég vil leika með, fara upp á háaloft, hlaupa úti, fara í hvíldina, fara í salinn, fara í val, stundum fara á Heimahöll, skoða bók, hlaupa á ganginum, borða, leira, um leika, leika, ég má bara ráða sjálfan mig eða eitthvað, lita, bara leika bíl, að fara út,

13. Hvað mátt þú ekki gera í leikskólanum? Svör barna: Má ekki ekki neitt, ekki lemja, ég má ekki ráða alla hina, ekki slá, ekki lita, í sal, ég má ekki hlaupa inni í leikskólanum, ekkert, fara uppá háaloft án þess að spyrja, má ekki meiða, má ekki snerta hníf, ekki stríða á meðan verið er að vefa og ekki stinga krakkana með nál, ekki öskra og hjóla inni á deild, ekki æpa, ekki meiða og skemma dót sérstaklega nýja bíla, ekki kasta dóti, ekki fara yfir girðinguna,
14. Hvers vegna ert þú í leikskóla? Svör barna: Af því mér langar það, af því mamma og pabbi minn voru sett mig í leikskólann, af því mamma mín var að skutla mér í leikskólann, til þess að læra að leika og lesa kennararnir hjálpa okkur og komast í skóla, veit ekki, mamma og pabbi eru að vinna og systir er í skólanum, til að læra, til að kennarar í leikskólanum geti passað mig. mér líður vel í leikskólanum, gaman er í leikskólanum, til að einhver geti leikið við mig, til að kennararnir geti passað mig af því að mamma og pabbi eru í vinnunni, til að læra og leika, af því ég er að læra, maður þarf að fara í leikskóla til að læra og lemja ekki og kýla, af því að ég er ekki kominn í skóla til þess að maður verði ekki aleinn heima þegar mamma og pabbi fara í vinnuna, bara, lengi, get ekki sagt neitt, að leika mér, af því að ég er ekki búinn að stækka til að fara í skóla þess vegna er ég í leikskóla, af því mamma og pabbi fara að vinna.

5 Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð á vegum Skóla- og frístundasviðs í febrúar 2018. Helstu niðurstöður eru að þættir er snúa að álagi, hæfilegu vinnuálagi og vinnuaðstöðu þarf að skoða. Þættir sem komu vel út voru m.a. ímynd.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skoða með börnunum verkefni er kemur að umhverfisvernd og góðgerðarstarfi	Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi.	Deildarstjórar vinna að áætlun um umhverfisvernd ásamt því að skoða vinnu er varðar samfélagsverkefni.	Haut Skólaárið 2018 – 2019.	Stjórnendateymið og allt starfsfólk	Metið á skipulagsdegi með öllum starfsmönnum, umræðumat.	Að börnunum og starfsfólki líði vel með slík verkefni. Spurninga-könnun í lok skólaárs.

6 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017 til 2018 voru tvö börn með skilgreinda 8 klst. á dag í sérkennslu og eitt barn með skilgreindar 2 klst. á dag. Það eru 4 starfsmenn sem koma að þeirri vinnu.

Tekin var EFI-2 Málþroskaskimun af öllum börnum rúmlega 3ja ára og unnið var markvisst með þau börn sem ekki höfðu náð vissri færni. HLJÓM- 2 athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna er lagt árlega fyrir öll börn á síðasta ári þeirra í leikskólanum.

Einstaklingsnámsskrár eru gerðar fyrir þau börn sem njóta sérkennslu og er notast við AEPS listann, að þeim koma sérkennslustjóri, stuðningsaðili, deildarstjóri og foreldrar eftir því sem við á. Teymisfundir voru haldnir þá koma þeir sérfræðingar sem koma að barninu s.s. frá Greiningastöð, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Æfingastöðinni og aðrir sérfræðingar ásamt foreldrum og starfsfólki leikskólans. Unnið var með verkefnið Lubbi finnur málbein og Lærum og leikum með hljóðin ásamt fleiru.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinna meira í litlum málörvunar hópum	Að hvert barn fái tækifæri til að vinna í fámennum hópum 1- 2 í viku með starfsmanni.	Skiptum börnunum í hópum 4 til 5 í hverjum hóp	Haut 2018	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Hljóm-2 OG efi-2	

7 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Þetta skólaár voru tíu tvítýngd börn í Jöklaborg.

- Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

Áður en barn byrjar í leikskólanum er foreldraviðtal með túlki ef þörf er á því. Þar er m.a. rætt um hvernig íslenskukunnáttu barnsins er og hvernig við getum lagt okkar til þannig að barnið nái tökum á íslensku. Kallaður er til túlkur ef þarf og eins hafa starfsmenn með sama tungumál og foreldrar/barn sem er hjá okkur túlkað og talað við foreldra eftir þörfum. Dagleg samskipti eru nauðsynleg og foreldrar

eru boðaðir í viðtal ef þurfa þykir og foreldrar geta alltaf beðið um viðtal. Foreldrar eru upplýstir um líðan barna og það helsta sem gerðist yfir daginn hjá barninu.

- **Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?**

Unnið er með fjölmennningarlegt leikskólastarf með ýmsum hætti. Bókin mín er bók sem gerð er í leikskólanum og hvert barn fær, foreldrar setja myndir og texta í. Bókin er alltaf aðgengileg í bókahillum í leikskólanum svo barnið geti haft bókina hjá sér þegar það vill. Starfsmenn lesa og segja frá því sem foreldra hafa skrifað og skapa umræðu ásamt því að spyrja barnið hvað sé á myndunum í bókinni. Starfsmenn ræða við barnið og setja orð á það sem kemur fyrir í bókinni. Börnin sjálf nota bókina mjög mikið eru að sýna öðrum börnum og segja frá. Myndrænt skipulag er á deildum sem notað er sem ákveðinn leiðarvísir. Þjóðfánar allra barna eru uppi á veggjum við hverja deild ásamt texta, „góðan daginn og velkomin“ einnig eru ljósmyndir af öllum börnum upp á vegg. Málörvun er mjög stór hluti í öllu starfi með börnunum.

Ferðabangsi fer á milli heimilis og leikskóla og foreldrar skrifa/teikna það sem barn og ferðabangsi upplifðu saman. Það er síðan lesið fyrir öll börnin á deildinni og þá er oft hægt að tengja og læra ný orð. Í mörgum aðstæðum eru orð lögð inn með markvissum hætti s.s. í leiknum, í fataherbergi og í útiveru. Lubbaverkefni er notað og nýtist vel til þessarar vinnu. Lestur bóka er einn stór liður í starfinu. Börnin koma gjarnan með bækur að heiman í leikskólann sem lesnar eru og nýttar líka til málörvunar. Bækur um fjölbreytt efni eru lesnar og skoðaðar daglega til yndis og ánægju. Spil, bingó eru notuð til málörvunar söngur og hreyfileikir einnig. Starfsfólk hefur kynnt sér „Heimurinn er hér“ þ.e. stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf svo og „Lesið í leik“ læsisstefnu leikskóla. Í vettvangsferðum er vakin athygli á því sem fyrir augu ber og rætt um það sem börnin fanga.

- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**

Í öllu starfi með börnunum er lögð áhersla á málörvun sem fléttast inn í starfið með þeim. Starfsfólk er til staðar í leik barnanna og gripur þau tækifæri sem gefast til að virkja börnin í samskiptum og leik. Starfsfólk skipuleggur málumhverfi sem hjálpar barni að læra íslenskuna. Starfsfólk leggur áherslu á að ýta undir áhugahvöt barnsins og að nýta umhverfi leikskólans til þess að örva málproskann. Í samtali við börnin eru þau hvött til að spyrja og endurtaka orð. Starfsmenn nota gjarnan látbragð sem getur útskýrt ýmislegt fyrir börnum og bara gerir hlutina skemmtilegri.

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Að þessu sinni fóru starfsþróunarviðtöl fram á tímabilinu mars til maí og verður þeim haldið áfram í haust.

Fræðsla: Allir starfsmenn leikskólans fóru á ráðstefnu Skóla- og frístundasviðs 8. febr. 2018 sem bar heitið „Við fáum að ráða nema þegar kennarar ráða“.

Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra sóttu eftirfarandi námskeið og fyrirlestra: Fyrirlestur sem Pasi Sahlberg og Andry Hargreaves héldu í Hörpu 5. febrúar 2018. Fjallað var um Forystu í skóla- og frístundastarfi á 21. öldinni og innleiðingu menntastefnu. Fyrirlestur í Gerðubergi um álag 1. febr. 2018. Námskeið um skjalavörslu 30. janúar, námskeið um markaðssetningu 29. janúar. Þær sóttu Stjórnendadag Reykjavíkurborgar 1. des. sem haldinn var í Laugardalshöllinni 2017 þar sem fundað var um ýmis málefni.

Allir starfsmenn leikskólans hlýddu á fyrirlestur á skipulagsdegi um stöðu kvenna og barna í kvennaathvarfinu.

Allir starfsmenn hlýddu á fyrirlestur um almenna skyndihjálpi sem Ólafur Ingi slökkviliðsmaður sá um.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri ásamt tveim deildarstjórum fóru á námskeið um innra mat leikskóla 15. febrúar 2018 og 12. apríl.

Á tveimur skipulagsdögum fóru starfsmenn leikskólans í heimsókn í alls fimm leikskóla að kynna sér starf þeirra.

Starfsmenn sóttu Breiðholtsbylgjuna sem haldin var 3. nóvember 2017 þar sem þeir hlýddu m.a. á Eypór Eðvaldsson sálfræðing sem hélt erindi um leiðir til að bæta samskipti.

Starfsmaður sem vinnur í sérkennslu sótti námskeið í „skipulagðri kennslu“ 25. – 27. sept. 2017.

Leikskólastjóri sótti námskeiðsdag leikskólastjóra í Reykjavík sem haldin var á Akranesi 13. okt. 2017.

Leikskólastjóri heimsótti leikskólann Reynisholt á viðburð er heitir „skapandi starf“ 25. okt. 2017.

Deildarstjóri fór á fagnámskeið 1 hjá Eflingu sem stóð frá 13. febr. – 11. apríl.

Símenntun starfsmanna skólaárið 2017 – 2018 fór fram á skipulagsdögum leikskólans svo og á námskeiðum, ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum.

Þetta skólaár mun símenntun m.a. fara fram á skipulagsdögum sem verða sex á skólaárinu. Þrír þeirra verða á sama degi og grunnskólar hverfisins. Áhersla er lögð á að sú fræðsla sem í boði er tengist starfinu og áherslum leikskólans.

Ekki er hægt að slá föstu að þessi listi verði fullkláraður en hér er það sem stefnt er á þetta skólaár.

- Fá fræðslu um námsleið barna þ.e. að vinnan með leik barna í öndvegi.
- Fyrirlestur um Barnaverndarmál.
- Fræðsla um umhverfismennt og sjálfbærni.
- Fræðsla um útinám.
- Heimsókn í aðra leikskóla.
- Leikskólaráðstefna Skóla- og frístundasviðs í febrúar.

9 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Fulltrúar foreldraráðsins voru fjórir ásamt leikskólastjóra. Þeir eru kosnir á foreldrafundi sem haldinn er í september ár hvert. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmdum skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Foreldraráðið fundar eftir þörfum. Í fundarboði kemur fram dagskrá fundar. Fulltrúar foreldraráðsins lesa starfsáætlunina yfir og gefa umsögn um hana. Í foreldraráði þetta skólaár voru: Fanney Karlsdóttir móðir Ara Jökuls, Ólöf Marín Úlfarsdóttir móðir Evu Marínar, Þóra Margrét Sigurðardóttir móðir Arons Inga, Fanney Magnadóttir móðir Guðrúnar Fjólu og Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri

Starfsreglur foreldraráðs Jöklaborgar:

Foreldraráð Jöklaborgar starfar skv. lögum um leikskóla 90/2008 og leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs.

- Foreldraráðið einsetur sér að starfa faglega við að veita umsögn um starf leikskólans.
- Foreldraráðið heldur trúnað um persónuupplýsingar barna, foreldra, starfsfólks og annarra sem ráðið kann að fjalla um.
- Foreldraráðið getur verið farvegur fyrir foreldra leikskólabarna sem vilja koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um leikskólastarfið.
- Foreldraráðið kemur saman að lágmarki tvisvar á hverju misseri, gjarnan í tengslum við skipulagsdaga starfsfólks og starfsáætlanagerð.
- Meirihluti foreldraráðsins verður að mæta á fundi til þess að ráðið teljist starfshæft. Ef greidd eru atkvæði um mál í ráðinu er það einfaldur meirihluti sem ræður.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á fundi foreldraráðs Jöklaborgar fimmtudaginn 28. ágúst 2014.

Foreldrafélag:

Foreldrafélag Jöklaborgar var skipað fimm foreldrum, einn deildarstjóri er fulltrúi leikskólans og situr fundi félagsins. Foreldrafélagið er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna í Jöklaborg. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í Jöklaborg.

Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með eftirfarandi:

- Að hvetja alla foreldra til þess að taka þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og störf leikskólans í fullu samráði við starfsfólk.
- Að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra sem nýtast við uppeldi barna.
- Að bjóða upp á ýmislegt skemmtilegt til þess að lífga upp á tilveruna og byggja upp góðan félagsanda innan leikskólans.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti í lok foreldrafundar leikskólans. Foreldrafélagið stóð fyrir ýmsum viðburðum á skólaárinu s.s. vorferð sem farin var á sveitabæinn Hraðastaði í Mosfellsbæ og leiksýningu þar sem leikhópurinn Lotta sýndi atriði úr ævintýrum á afmæli Jöklaborgar sem jafnframt var hátíð í tilefni af þjóðhátíðardegi okkar.

Í stjórn foreldrafélagsins þetta skólaár voru:

Ólöf Marín Úlfarsdóttir móðir Evu Marínar, Valný Óttarsdóttir móðir Sveins Atla, Natalie Julia Colceriu móðir Lilju, Ingbór T. Guðmundsson faðir Antons Elí og Alexanders Leó, Eva Dögg Jafetsdóttir móðir Sindra Snæs og Hallbera Bjarnadóttir deildarstjóri á Heimaseli.

Foreldrafundir:

Haldnir voru tveir foreldrafundir yfir árið, einn að hausti fyrir alla foreldra þar sem starfsáætlun leikskólans er kynnt og kosið í foreldraráð. Á sama fundi er aðalfundur foreldrafélagsins. Síðan var fundur að vori fyrir foreldra nýrra barna þar sem fram fór kynning á stefnu og starfi leikskólans.

Foreldraviðtöl:

Foreldrar barna sem eru að byrja í leikskólanum fá viðtal við leikskólastjóra/ aðstoðarleikskólastjóra við upphaf leikskólagöngu. Þar er m.a. farið yfir sögu barnsins og gerður dvalarsamningur. Nokkru eftir aðlögun barns er foreldrum boðið foreldraviðtal við deildarstjóra, áætlað í október. Skipulögð foreldraviðtöl fyrir alla foreldra verða í janúar/febrúar þar sem farið er yfir stöðu barnsins er varðar þroska og getu. Einnig eru einstaklingsáætlanir ræddar og foreldrar þannig virkir í gerð einstaklingsáætlana barnanna sinna. Foreldraviðtöl, þ.e. kveðjuviðtöl eru að vori vegna barna sem eru að fara í grunnskóla. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við deildarstjóra/leikskólastjóra telji þeir þörf á því. Þegar börn færast á milli deilda er foreldrum boðið upp á viðtal við nýjan deildarstjóra.

10 Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólar Seljahverfis eru í formlegu samstarfi með grunnskólunum í hverfinu sem eru Seljaskóli og Ölduselsskóli. Markmið samstarfsins er að skapa samfellu á milli skólastiganna og brúa bilið þannig að grunnskólarnir geti mætt hverjum nemanda þar sem hann er staddur og byggt þannig ofan á fyrra nám barnsins.

Samstarfverkefni: Annað hvert ár er áformað að hafa sameiginlegan skipulagsdag þar sem kennarar leik- og grunnskólana hittast og taka þátt í skipulagðri fræðslu og skemmtun þar sem setta eru upp stöðvar.

Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla Seljahverfis skólaárið 2018 - 2019

- September:** Skólastjórnendur leik- og grunnskóla Seljahverfis hittast 6. sept. í Jöklaborg og ræða komandi skólaár, hvernig skólaheimsóknir gengu og endurmeta þær. Ræða um komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október:** Nýir grunnskólanemendur koma í heimsókn í leikskólana í okt. og hitta þar sína gömlu vini og segja elstu börnunum í leikskólanum frá sínum nýja skóla, grunnskóla
- Nóvember:** Elstu börn leikskólanna fara í sína fyrstu heimsókn í grunnskólann 5. - 9. nóv. í litlum hópum.
- Mars:** Elstu börn leikskólanna fara í heimsókn í grunnskólann 11. - 22. mars, þetta er önnur heimsókn þeirra .
Fundur skólastjórnenda 14. mars vegna starfsáætlunar og skóladagatala skólaársins 2019 – 2020. Staðsetning óákveðin.
- Maí til júní:** Grunnskólar hverfisins bjóða væntanlegum nemendum í sína þriðju heimsókn sem er áætluð föstudaginn 24. maí. Foreldrarnir fylgja börnunum í þá heimsókn.

11 Skipulagsdagar

Föstudagur	5. október 2018	Lokað allan daginn. (Allir skólar í Seljahverfi)
Mánudagur	12. nóvember 2018	Lokað allan daginn.
Mánudagur	7. janúar 2019	Lokað allan daginn.
Fimmtudagur	7. febrúar 2019	Lokað allan daginn.
Föstudagur	20. mars 2019	Lokað allan daginn. (Allir skólar í Seljahverfi)
Föstudagur	24. maí 2019	Lokað allan daginn. (Allir skólar í Seljahverfi)

12 Fylgigögn

12.1 Leikskóladagatal



Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Leikskólinn Jöklaborg

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ						
1 M	Sumarlokun	1 L	1 M	1 F	1 L	Fúlveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	starðræðinnar	1 F	Búningagerð	1 M	1 M	Verkafélagadagurinn	1 L	1 M
2 F	Sumarlokun	2 S	2 Þ	2 F	2 S		2 L		2 L	2 Þ	2 F		2 F	2 S	Stjómarnadagurinn	2 Þ	2 Þ
3 F	Sumarlokun	3 M	Aðlögun nýra barna	3 M	3 L		3 M	Adventustundir	3 F	3 S		3 S	3 M	3 F	Dóttardagur	3 M	3 M
4 L		4 Þ	Aðlögun nýra barna	4 F	4 S		4 Þ	Adventustundir	4 F	4 M	Búningagerð	4 M	Bolludagur	4 F	Þróttadagur	4 L	4 Þ
5 S		5 M	Aðlögun nýra barna	5 F	5 M		5 M	Adventustundir	5 L	5 Þ	Búningagerð	5 Þ	Sprengidagur	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M	Friðdagur verksmanna	6 F	Aðlögun nýra barna	6 L	6 Þ		6 F	Adventustundir	6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Óskudagur	6 L	6 M	6 F
7 Þ	Sumarlokun	7 F	Aðlögun nýra barna	7 S	7 M		7 F	Adventustundir	7 M	Skipulagsdagur	7 F	Skipulagsdagur	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	Sumarlokun	8 L	Dagur teiss	8 M	8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F	Búningagerð	8 F		8 M	8 M	8 L	8 M	8 M
9 F		9 S		9 Þ	9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ	9 F	9 S
10 F		10 M		10 M	Rýmingaraffing	10 L	10 M		10 F	10 S		10 S		10 M	10 M	10 M	10 M
11 L		11 Þ		11 F		11 S	11 Þ		11 F	11 M	Búningagerð	11 M		11 F	11 L		11 F
12 S		12 M		12 F	Blákur dagur	12 M	Skipulagsdagur	12 M	12 L		12 Þ	Búningagerð	12 Þ	Rýmingaraffing	12 F	12 M	12 F
13 M		13 F		13 L		13 Þ	13 F		13 S	13 M	Búningagerð	13 M		13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ		14 F		14 S		14 M	14 F		14 M	14 F	Búningagerð	14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ	14 S
15 S		15 L		15 M		15 Þ	15 S		15 Þ	15 F	Búningagerð	15 F	Skírdagur	15 M	15 M	15 L	15 S
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M	16 L		16 L		16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 M	Útírvirkni	17 M	17 L		17 M		17 F	17 S		17 S		17 M	17 F	17 M	17 L
18 L		18 Þ	Útírvirkni	18 F	18 S		18 Þ		18 F	18 M	Búningagerð	18 M		18 F	Skírdagur	18 L	18 Þ
19 S		19 M	Útírvirkni	19 F	19 M		19 L		19 Þ	19 Þ	Búningagerð	19 Þ		19 F	Fóttadagurinn langi	19 S	19 M
20 M	Aðlögun nýra barna	20 F	Útírvirkni	20 L	20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S	20 M	Búningagerð	20 M	Skipulagsdagur	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	Aðlögun nýra barna	21 F	Útírvirkni	21 S	21 M		21 F		21 M	21 F	Búningagerð	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ	21 F
22 M	Aðlögun nýra barna	22 L		22 M	22 F		22 L		22 Þ	22 F	Búningagerð	22 F		22 M	Annar páskaum	22 M	22 L
23 F	Aðlögun nýra barna	23 S		23 Þ	23 F		23 S	Þorlákamessa	23 M	23 L		23 L		23 Þ		23 F	23 S
24 L	Aðlögun nýra barna	24 M		24 M	24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	Konudagur	24 S	24 M	24 F	Skipulagsdagur	24 M	24 M
25 S		25 Þ		25 F	25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Böndadagur	25 M	Búningagerð	25 M	25 L	Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 F
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 M		26 M	Annar jólamessa	26 L	26 Þ	Búningagerð	26 Þ		26 F		26 M	26 F
27 F	Aðlögun nýra barna	27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F		27 S	27 M	Búningagerð	27 M		27 L		27 M	27 F
28 Þ	Aðlögun nýra barna	28 F	Foreldradagur	28 S	28 M		28 F		28 M	Foreldravottöl hefjast	28 F	Búningagerð	28 F	28 S		28 Þ	28 S
29 M	Aðlögun nýra barna	29 L		29 M	29 F		29 L		29 Þ			29 F	Kaffidagur	29 M		29 M	29 L
30 F	Aðlögun nýra barna	30 S		30 Þ	30 F		30 S		30 M	30 L		30 L		30 Þ	30 F	Ótskrift elstu barna	30 S
31 F	Aðlögun nýra barna		31 M	Kaffidagur		31 M	Gamlársdagur	31 F		31 S				31 F	Upptögnisdagur	30 S	31 M

12.2 Matsgögn

1. Mat á starfi Jöklaborgar

Innra mat á deildum: Vikuskipulag = Hreyfistundir, Flæði, Samverustundir.

Skipulag matsins: Gagna er aflað, matsniðurstöður eru greindar og metnar, helstu niðurstöður settar fram ásamt umbótum.

Fagleg ígrundun:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?
- Að hverju stefnum við?

Innra mat snýst um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Ræða þarf hvern þátt og skrá umræðu sem gefur raunmynd af starfinu á dýptina. Gögn sem gott er að hafa við höndina eru: Starfsáætlun Jöklaborgar, Námskrá Jöklaborgar, Starfsmannahandbók Jöklaborgar, Mat á leikskólastarfi, Heilsueflandi Breiðholt og vikuskipulag deilda.

2. Fagleg ígrundun /umræða um nám, velferð, styrkleika og hæfni barnanna.

- Félagsfærni / Líðan barna / Samskipti
- Frumkvæði og sköpunarkraftur barna
- Áhugasvið barna

Að hverju stefnum við / Viðmið?

Umbætur.

Uppeldisfræðileg skráning

- Hvaða uppeldisfræðilegar skráningar erum við með?
- Hverju viljum við bæta við?

Gögn sem gott er að hafa við höndina eru: Starfsáætlun Jöklaborgar, Námskrá Jöklaborgar og vikuskipulag deilda.

3. Spurningar lagðar fyrir hvert barn í Jöklaborg vorið 2018

1. Hvað er best að borða í leikskólanum?
2. Hvað er vont að borða í leikskólanum?
3. Hvaða reglur eru bestar?
4. Hvaða reglur eru erfiðastar?
5. Á hvaða stað er best að leika í leikskólanum?
6. Á hvaða stað er leiðinlegast að leika í leikskólanum?
7. Hverju mátt þú ráða í leikskólanum?
8. Hverju mátt þú ekki ráða í leikskólanum?
9. Hvað lærir þú í leikskólanum?
10. Hvað gerir fullorðna fólkið í leikskólanum?
11. Hvað á fullorðna fólkið að gera í leikskólanum?
12. Hvað mátt þú gera í leikskólanum?
13. Hvað mátt þú ekki gera í leikskólanum?
14. Hvers vegna ert þú í leikskóla?

4. Mat barna á leikaðstæðum á deildum með demantsaðferð:

Stefnt er að öll börn á öllum deildum taka þátt, börnunum skipt í hópa, hámark 6 í hópi. Börnin mátu starfið á deildinni sinni (svæði á deildum).

12.3 Langtímaáætlun innra mats

Langtímaáætlun innra mats

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur		X	X	
Faglegt samstarf:				
Leikskólapróun og starfspróun		X		X
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf:				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X
Námsvið leikskólans:				
Leikskóli án aðgreiningar	X	X	X	X
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður:				
Hlutverk leikskólakennara	X	X		X
Fagmennska starfsfólks	X	X	X	X
Starfsánægja				
Leikskólabragur:				
Viðmót og menning		X		X
Velferð og líðan barna		X		X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		X		
Viðhorf foreldra			X	
Innra mat:				
Framkvæmd				
Gagnaðflun og vinnubrögð				
Opinber birting og umbætur				

12.4 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Jöklaborgar hefur farið yfir starfsáætlun fyrir komandi skólaár og er sátt við þá áætlun. Áfram er unnið að umbótastarfi á þeim þáttum leikskólastarfsins sem þörf er talin á. Hefur í því tilliti verið stuðst við markvissar mælingar á árangri í starfi með því að rýna með reglubundum hætti í einstaka þætti starfsins og þá hvaða leiðir eru færar til umbóta ef mælingar sýna að gera þurfi betur eða bæta verklag. Með þessum hætti sýnist okkur í foreldraráði að meðvituð og stöðug þróun eigi sér stað í leikskólastarfinu þar sem stefnt er að árangri í leik og starfi, börnunum til heilla.

Fyrir liggur stækkun leikskólans með tilheyrandi viðbót við húsnæði skólans í formi lausra eininga sem staðsettar verða á lóð leikskólans. Foreldraráð deilir áhyggjum leikskólastjóra er varðar fáa fagmenntaða í starfsliði skólans og að því að brýnt sé að fjölga í þeim hópi. Einungis sex leikskólakennarar starfa nú á leikskólanum með 103 börn. Telur foreldraráð að mun fleiri fagmenntaðir starfsmenn þurfi að koma til, ekki síst vegna væntanlegrar stækkunar skólans og fjölda barna.

Að lokum hvetur foreldraráð leikskólastjóra áfram til að vekja athygli foreldra á starfsáætluninni svo að foreldrar hafi tækifæri til að koma með athugasemdir til foreldraráðs, ef einhverjar eru. Auk þess sem góðar hugmyndir eða ábendingar eru alltaf vel þegnar. Megi komandi skólaár Jöklaborgar verða farsælt og gjöfult með gildi leikskólans að leiðarljósi: Gleði - Virðing - Sköpun.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Dagbjört Hildur Torfadóttir
Ólöf Marín Úlfarsdóttir
Þorgerður Lilja Björnsdóttir

F. h. leikskólans Jöklaborgar

Anna Bára Pétursdóttir	31. október 2018
Leikskólastjóri	Dagsetning